

TILSKIPUN RÁÐSINS

2010/EES/32/32

frá 21. nóvember 1989

um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt (*)

(89/608/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í landbúnaðarmálum hefur verið komið á viðtækum reglum á sviði heilbrigði dýra og dýraræktar.

Nauðsynlegt er að efla samvinnu yfirvalda í aðildarríkjunum sem bera ábyrgð á beitingu reglna um heilbrigði dýra og dýrarækt til að tryggja snurðulausa framkvæmd hinnar sameiginlegu landbúnaðarstefnu og starfsemi sameiginlega markaðarins með landbúnaðarafurðir og einnig til að afnema dýraheilbrigðisefirlit á landamærum svo koma megir á innri markaði fyrir þær vörur sem slíkt efirlit er haft með.

Því ber að koma á reglum sem skylda lögbær yfirvöld aðildarríkjanna til að veita hvert öðru gagnkvæma aðstoð og vinna að því með framkvæmdastjórninni að tryggja rétta beitingu reglna um heilbrigði dýra og dýrarækt, einkum með því að koma í veg fyrir og afhjúpa misbeitingu á slíkum reglum og hverri þeirri starfsemi sem virðist vera í andstöðu við þær.

Ákvörðun þessara reglna skal svo sem frekast er unnt byggjast á bandalagsákvörðunum í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1468/81 frá 19. maí 1981 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um tolla- og landbúnaðarmál ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EBE) nr. 945/87 ⁽⁵⁾. Einnig ber að taka til greina séreinkenni heilbrigðisreglna.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er kveðið á um hvernig lögbær yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt í aðildarríkjunum, skulu vinna saman innbyrðis og með hlutaðeigandi deildum framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja að farið sé að þessari löggjöf.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „löggjöf um dýraheilbrigði“: öll bandalagsákvæði og ákvæði sem stuðla að beitingu bandalagsreglna um dýraheilbrigði, almannaheilbrigði í tengslum við dýraheilbrigði, dýraheilbrigðissskoðun, kjöt og aðrar afurðir sem eru upprunnar úr dýraríkinu og dýravernd,
- „löggjöf um dýrarækt“: öll bandalagsákvæði og ákvæði sem stuðla að beitingu bandalagsreglna um dýrarækt,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 351, 2.12.1989, bls. 34. Þessi gerð var hluti af EES-samningnum þegar hann var gerður og hana er því ekki að finna í neinni ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 225, 31.8.1988, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 326, 19.12.1988, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 56, 6.3.1989, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 144, 2.6.1981, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 90, 2.4.1987, bls. 3.

- „yfirvald sem sækir um aðstoð“: lögbært yfirvald í aðildarríki sem fer fram á aðstoð,
- „yfirvald sem beðið er um aðstoð“: lögbært yfirvald í aðildarríki sem farið er fram á að aðstoði.

2. Aðildarríkin skulu senda öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni skrá yfir þau lögbæru yfirvöld sem um getur í 1. gr.

3. gr:

Sú skylda að veita aðstoð, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skal ekki hafa áhrif á veitingu upplýsinga eða skjöl sem lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. gr., fá í krafti þess valds sem þau beita að beiðni yfirvalds á sviði dómgæslu.

Þegar sótt er um aðstoð skal þó veita slíkar upplýsingar eða útvega skjöl, með fyrirvara um 14. gr., í öllum tilvikum þegar yfirvald á sviði dómgæslu, sem leita skal til, veitir samþykki sitt til þess.

I. BÁLKUR

Aðstoð samkvæmt beiðni

4. gr:

1. Að ítarlegri rökstuddri beiðni yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð,
 - láta yfirvaldinu, sem sækir um aðstoð, í té allar upplýsingar, vottanir, skjöl eða staðfest afrit sem þau hafa í sinni vörslu eða sem unnt er að fá í samræmi við 2. mgr. og gerir þeim kleift að hafa eftirlit með hvort farið hafi verið að ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt,
 - láta fara fram nauðsynlega rannsókn á þeim aðstæðum sem yfirvaldið, sem sækir um aðstoð, tilgreinir og láta það vita um útkomu þessara rannsókna, þar með talið upplýsingarnar sem rannsóknirnar byggjast á.
2. Til að fá þessar upplýsingar skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, eða stjórnvald sem það hefur leitað til, aðhafast svo sem væri í eigin nafni eða að beiðni annars yfirvalds í eigin landi.

5. gr:

1. Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal ríkið, sem beðið er um aðstoð, að teknu tilliti til gildandi regla í aðildarríkinu þar sem yfirvaldið er, tilkynna yfirvaldinu, sem sækir um aðstoð, eða láta tilkynna því um öll skjöl eða ákvarðanir sem koma frá lögbærum yfirvöldum og varða beitingu á löggjöf um dýr og dýraheilbrigði.

2. Beiðnum um tilkynningar varðandi efni laga eða ákvörðunar sem á að láta í té skal, að kröfu þess yfirvalds, sem beðið er um aðstoð, fylgja þýðing á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, er.

6. gr:

Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, vakta eða láta vakta eða efla vakt á starfssvæðum þar sem grunur leikur á að ekki sé farið að reglum, einkum:

- a) starfsstöðvar;
- b) staði þar sem vörubirgðum hefur verið safnað saman;
- c) tilkynnta vöruflutninga;
- d) flutningatæki.

7. gr:

Að beiðni þess yfirvalds, sem sækir um aðstoð, skal yfirvaldið, sem beðið er um aðstoð, láta því í té allar viðeigandi upplýsingar sem það á til eða sem það fær í samræmi við 2. mgr. 4. gr., einkum í formi skýrslna og annarra skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr slíkum skýrslum eða skjölum varðandi staðfesta starfsemi sem yfirvaldi, sem sækir um aðstoð, virðist vera andstæð ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt.

II. BÁLKUR

Sjálfkrafa aðstoð

8. gr:

1. Hin lögbæru yfirvöld í aðildarríkjunum skulu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. að eigin frumkvæði aðstoða lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum án þess að hin síðarnefndu fari áður fram á það.
2. Ef þau telja það gagnlegt í tengslum við löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt skulu lögbær yfirvöld í hverju aðildarríkjanna:
 - a) vakta eða láta vakta starfssvæði sem um getur í 6. gr. svo sem unnt er;
 - b) láta lögbærum yfirvöldum í öðrum viðkomandi aðildarríkjum í té allar tiltækar upplýsingar eins fljótt og unnt er, einkum í formi skýrslna og annarra skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr slíkum skýrslum eða skjölum varðandi starfsemi sem þeim virðist vera andstæð ákvæðunum í löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt, og sérstaklega tilkynna þeim um leiðir eða aðferðir sem notaðar eru við framkvæmd slíkrar starfsemi.

III BÁLKUR

Lokaákvæði

9. gr:

1. Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórninni í té um leið og þær eru tiltækar:

a) allar upplýsingar, sem þau telja gagnlegar, um:

- vörur sem grunur leikur á að meðhöndlaðar hafi verið andstætt löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt,
- aðferðir eða vinnsluáðferðir sem notaðar voru eða grunur leikur að hafi verið notaðar andstætt slíkri löggjöf;

b) allar upplýsingar um annmarka á eða eyðu í téðri löggjöf sem beiting hennar hefur sýnt eða gefið til kynna.

2. Framkvæmdastjórnin skal láta lögbærum yfirvöldum í hverju aðildarríki allar upplýsingar í té um leið og þær eru þeim tiltækar og eru þess eðlis að það auðveldi þeim að tryggja að farið sé að löggjöf um heilbrigði og dýrarækt.

10. gr.

1. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríki verða vör við starfsemi sem er, eða virðist vera, andstæð reglum um heilbrigði dýra og dýrarækt og varðar sérstaklega hagsmuni bandalagsins, og einkum:

- ef hún hefur eða kann að skjóta rótum í öðrum aðildarríkjum, eða
- ef téðum yfirvöldum virðist líklegt að sambærileg starfsemi hafi einnig átt sér stað í öðrum aðildarríkjum,

skulu þessi yfirvöld láta framkvæmdastjórninni í té eins fljótt og hægt er, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að rökstuddri beiðni framkvæmdastjórnarinnar allar viðeigandi upplýsingar, ef við á í formi skjala eða staðfest afrit eða útdrátt úr skjölum sem nauðsynleg eru til að varpa ljósi á staðreyndir þannig að framkvæmdastjórninni sé kleift að samræma aðgerðir aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin sendir þessar upplýsingar áfram til lögbærra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum.

2. Ef boðskiptin, sem um getur í 1. mgr., varða tilvik sem kunna að stofna heilsu manna í hættu og ef aðrar varnaraðgerðir eru ekki fyrir hendi er heimilt að veita viðkomandi upplýsingar í formi rökstuddrar tilkynningar til almennings, eftir að viðkomandi aðilar og framkvæmdastjórnin hafa haft samband sín á milli.

3. Upplýsingar, sem varða einstaklinga eða lögaðila, skal láta í té eins og kveðið er á um í 1. mgr. aðeins ef brýn þörf er á því til að benda á starfsemi sem er andstæð löggjöf um dýraheilbrigði og dýrarækt.

4. Ef lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum beita 1. mgr. þá þurfa þau ekki að láta upplýsingar lögbærum yfirvöldum í öðrum viðkomandi aðildarríkjum í té eins og kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 8. gr. og 9. gr.

11. gr.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði eða fastanefndarinnar um dýrarækt:

- rannsaka almennt hvernig ráðstafanir um gagnkvæma aðstoð, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, reynast í framkvæmd,
- rannsaka viðeigandi upplýsingar sem framkvæmdastjórninni eru láttnar í té samkvæmt 9. og 10. gr. – og hvernig slík boðskipti fara fram – svo niðurstaða fái st í málinu.

Í ljósi þessarar rannsóknar skal framkvæmdastjórnin, ef þörf krefur, leggja til breytingar á gildandi ákvæðum bandalagsins eða að ný ákvæði verði sett.

12. gr.

Til þess að koma þessari tilskipun á skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til:

- a) að tryggja snurðulausa innri samræmingu milli lögbærra yfirvalda sem um getur í 1. gr;
- b) að koma á beinni samvinnu milli yfirvalda, sem þau veita sérstakt umboð í því skyni, með hliðsjón af gagnkvæmum tengslum þeirra og eftir þörfum.

13. gr.

1. Þessi tilskipun skyldar ekki lögbær yfirvöld aðildarríkjanna til að veita hvert öðru aðstoð ef það er andstætt allsherjarreglu eða öðrum grundvallarhagsmunum þess ríkis þar sem þau eru.

2. Synjun um aðstoð þarf að rökstyðja.

14. gr.

Í stað afhendingar skjalanna, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, má láta í té upplýsingar unnar í tölvutæku formi í sama tilgangi.

15. gr.

1. Farið skal með allar upplýsingar, sem veittar eru samkvæmt þessari tilskipun, í hvaða formi sem er, sem trúnaðarmál. Þær skulu falla undir ákvæði um þagnarskyldu og njóta þeirrar verndar sem kveðið er á um í innlendum lögum aðildarríkisins sem veitir upplýsingunum viðtöku, vegna sams konar upplýsinga og þeirrar verndar sem samsvarandi ákvæði um stofnanir bandalagsins veita.

Upplýsingarnar, sem getur í fyrstu undirgrein, mega ekki sendast til annarra aðila, í aðildarríkjunum eða í stofnunum bandalagsins, en þeirra sem þurfa á þeim að halda vegna skyldustarfa sinna. Né heldur má nota þær í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í þessari tilskipun, nema yfirvaldið sem veitti þær hafi gefið ótvírætt samþykki sitt og að því tilskildu

að gildandi reglur í aðildarríkinu hjá því yfirvaldi sem veitir upplýsingunum viðtöku banni ekki slíka dreifingu eða notkun.

Upplýsingarnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skulu aðeins látnar yfirvaldi, sem sækir um aðstoð, í té ef gildandi ákvæði í aðildarríkinu þar sem yfirvöldin, sem sækja um aðstoð, eru koma ekki í veg fyrir það.

Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt kerfinu um gagnkvæma aðstoð, séu trúnaðarmál, einnig að máli loknu.

2. Ákvæði 1. mgr. hindra ekki að upplýsingar, sem eru fengnar samkvæmt þessari tilskipun, séu notaðar í málaferlum eða málssókn sem til er komin vegna þess að ekki var farið að löggjöf um heilbrigði dýra og dýrarækt og til að koma í veg fyrir eða koma upp um misferli sem skaðað gæti sjóði bandalagsins.

Lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, sem lét í té þessar upplýsingar, skal þegar í stað tilkynnt um það ef þær eru notaðar í því skyni.

16. gr.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um tvíhliða gagnkvæma aðstoðarsamninga milli dýraheilbrigðisstjórnvalda og þriðju landa.

Framkvæmdastjórnin skal fyrir sitt leyti tilkynna aðildarríkjunum um samninga sama eðlis sem hún gerir við þriðju lönd.

17. gr.

Aðildarríkin skulu gera gagnkvæmt tilkall til endurgreiðslu á útgjöldum sem fylgja beitingu þessarar tilskipunar nema, ef við á, að því er varðar laun til sérfræðinga.

18. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu reglna um gagnkvæma aðstoð í afbrotamálum í aðildarríkjunum.

19. gr.

Aðildarríkjunum ber að samþykkja lög og stjórnslufyrirmæli, sem nauðsynleg eru til að framfylgja tilskipun þessari, fyrir 1. júlí 1991. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

20. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. nóvember 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

H. Nallet

forseti.